

Óskum lesendum
Skóla-akurs gleðilegs
sumars.

Skóla-akur



Vefrit um skólamáll 8. tbl. 8. árg. 25. apríl 2014

Myndir augnabliksins eru frá
Glym nér ei á Kiðagili og
sýna hópavinnu.



Páskatónleikar Giljaskóla.

Skóla- og barnakór Giljaskóla og nemendur úr tónlistarskólum bæjarins sungu og spiluðu á tvennum tónleikum í sal Giljaskóla föstudaginn 11. apríl fyrir nemendur, starfsfólk og aðstandendur. Efnisskráin var mjög fjölbreytt, m.a. einleikir á fíðlu, selló, píanó, þverflautu, harmóniku o.fl. Mjög efnilegir listamenn þar á ferð.



Umsækjendur um stöður skólustjóra í grunnskólum Akureyrar.

Umsóknarfrestur um stöður skólustjóra við Grímseyjarskóla og Síðuskóla er útrunninn og er úrvinnsla umsókna hafin. Umsækjendur um stöðu skólustjóra Grímseyjarskóla:

Karen Nótt Halldórsdóttir, kennari og Þorgeir Rúnar Finnsson, kennari

Umsækjendur um stöðu skólustjóra Síðuskóla:

Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir kennari, Ólöf Inga Andrésdóttir deildarstjóri og Róbert Jóhann Haraldsson kennari.

Skólaheimsóknir frá Námsgagnastofnun.

Fyrir nokkru var sendur póstur í alla skóla og þeim boðið að fá í heimsókn starfsmenn frá Námsgagnastofnun með kynningu og spjall um námsefni. Á heimasíðu Námsgagnastofnunar má sjá frétt þar sem óskað er eftir að fleiri skólar nýti sér þetta tækifæri og þar kemur fram að þessar heimsóknir eru í boði fyrir allt landið.

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/um-namsgagnastofnun/frettir/frett/2014/04/10/Skólaheimsoknir/>

Viðmiðunarreglur við innritun í leikskóla.

Börn eru innrituð í leikskóla eftir kennitölum, þ.e. eftir aldri. Þó má gera undantekningu varðandi systkini til að tryggja yngra barni skólavist í sama skóla og eldra barni. Forsendur eru að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið hefur skólagöngu.

Foreldrar fá tilboð um innritun barns á því ári sem það verður tveggja ári. Ef enn eru laus leikskólapláss eftir að innritun 2ja ára barna lýkur, er foreldrum yngri barna boðið að innrita börn sín í þá skóla sem hafa laus pláss.

Aðalinnritun í leikskóla er að vori en börnin byrja í leikskóla að vori eða að hausti. Dagsetning aðlögunar barna í leikskóla ræðst aðallega af tveim þáttum, þ.e. sumarlokun leikskólans og uppsögnum fyrir verðandi grunnskólabörn. Tveggja ára börnin geta því verið að byrja í leikskóla á mismunandi tímum, frá maílokum fram í september, allt eftir aðstæðum hvers skóla. Fjöldi barna í skólum ræðst af stærð þeirra og lýkur innritun þegar ákveðnum fjöldi er náð. Ef börn hætta í leikskólum yfir vetrarmánuðina eru ný börn innrituð í staðinn.

Reynt er að mæta óskum foreldra um innritun í ákveðna skóla. Þó er vakinn athygli á því að við innritun í leikskóla getur þurft að taka tillit til þess aldursviðmiðs og tíma sem laus er í hverjum skóla. Skóladeild getur hafnað beiðni um ákveðinn leikskóla vegna sérstakra aðstæðna skólans.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.